

## Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4604477 8935350 bréfsími 4604478

Árið 2003 þriðjudaginn 4. nóv. kl. 13.30 e.h. kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til 19. fundar að Óseyri 2 Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Í framhaldi af fundi byggingarnefndar þann 21. okt. 2003 samanber bókun nr. 3, var ákveðið að aðilar sem þar eru tilgreindir, kæmu saman að Sólheimum 1, Svalbarðströnd 28. október.

Mættir voru auk byggingarfulltrúa og formanns nefndarinnar, byggingarstjóri Páll Alfreðsson og eftirlitsmaður sem fenginn var að framkvæmdum að Sólheimum 1, Tryggvi Tryggvason.

Byggingarstjóri upplýsti að hann hefði ekki boðað aðra byggingarmeistara á staðinn, þar sem hann hefði ekki talið þörf á því að þeir yrðu viðstaddir úttektina.

Hönnuður hafði ekki tók á að vera viðstaddur.

Fram kom í máli eftirlitsmanns að erfiðleikum var bundið að fylgja eftir ábendingaratriðum þar sem flest burðarvirki og annar frágangur var klæddur af, taldi hann þó að viðunandi árangur hefði náðst eftir því sem stefnt var að.

Í máli byggingarstjóra kom fram að erfitt hafi verið að sinna því hlutverki sem honum bar vegna aðstæðna á byggingarstað, hann firrti sig þó enganveginn þeirri ábyrgð sem hann ber á verkinu.

Farið var yfir þau atriði sem helst höfðu verið til umfjöllunar og byggingin skoðuð eftir því sem aðgangur var að. Það er ljóst að um hefðbundna úttekt var ekki að ræða þar sem efnisnotkun, vinnubrögð og allur frágangur er verulega frábrugðin því sem nú tíðkast.

Það verður að átelja að byggingarstjóri hafi ekki á hverjum tíma fylgt því eftir að byggt væri eftir uppdráttum, eða greint byggingarfulltrúa frá ef hann hefur ekki af einhverjum ástæðum haft fulla stjórn á framkvæmdinni.

Einnig gerir nefndin athugasemd við, að hönnuður sem fylgdist með verkinu að verulegu leyti skuli ekki með einhverjum hætti hafa komið slíkum frávikum til skila á uppdráttum, eða reynt á einhvern hátt að koma í veg fyrir að framkvæmdin bryti í bága við þau hönnunargögn sem hann var búin að gera.

Niðurstaða byggingarnefndar var, að byggingarfulltrúi gæfi út byggingarstigsvottorð, með ábendingu í fyrri umræður um málið, og vísað yrði í skýrslu eftirlitsmanns sem viðhengi við vottorðið.

2. Erindi frá Víði Ágústssyni Torfufelli Eyjafjarðarsveit um 10 fermetra bjálkakofa (gestahús) í landi Torfufells samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá ABS teiknistofu.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.30.

Hreiðar Hreiðarsson

Kristján Kjartansson

Jósavin Gunnarsson

Hermann Jónsson

Bragi Pálsson